

„Helvítis fokking útlendingar“: Valdleysi, jaðarsetning og annar skaði hatursglæpa

EYRÚN EYÞÓRSDÓTTIR, lektor við Háskólann á Akureyri

ÚTDRÁTTUR: Með auknum fjölbreytileika og sýnilegri réttindabaráttu minnihlutahópa hafa hatursglæpir orðið meira áberandi. Þolendur hatursglæpa skera sig jafnan frá þeim sem teljast tilheyra meirihluta samfélagsins, til dæmis vegna uppruna, litarháttar, trúarbragða og kynhneigðar. Því má líta á hatursglæpi sem ákveðinn fylgifisk fjölbreytileika. Þolendur hatursglæpa eru að jafnaði í veikari stöðu en gerendur og vegna þessa er talið að hatursglæpir skaði meira en aðrir sambærilegir glæpir án fordómaásetnings. Rannsóknarspurningin sem þessari grein er ætlað að svara lýtur að því hvers konar skaða þolendur hatursglæpa hérlendis upplifa og hvernig skaðinn mótar upplifun viðkomandi af því að tilheyra samfélaginu. Lítið er vitað um hatursglæpi í íslensku samfélagi og áhrif þeirra. Greinin byggir á rannsókn á hatursglæpum á Íslandi sem unnin var með eigindlegum rannsóknaraðferðum. Tekin voru 25 viðtöl við einstaklinga sem teljast til minnihlutahóps á grunni bakgrunns síns eða einkenna og hafa orðið fyrir hatursglæp. Helstu niðurstöður varpa ljósi á skaða hatursglæpa, sem felst í upplifun af varnarleysi, ótta og vantrausti sem leiddi til breytinga á hegðun og í verstu tilfellum algerrar jaðarsetningar. Þá upplifðu margir það að tilheyra ekki samfélaginu sem getur veikt færni fólks til að takast á við afleiðingar hatursglæpa.

LYKILORÐ: Hatursglæpir, þolendur, skaði

ABSTRACT: Hate crimes have become more apparent alongside greater diversity and a more visible struggle for minority rights. Victims of hate crime tend to differ from the majority based on factors such as ethnic origin, skin color, religion, and sexual orientation. Thus, hate crimes can be seen as a product of a more diverse society. Victims of hate crime are generally in a more precarious position than perpetrators, supporting the argument that hate crimes inflict more harm than similar offenses lacking prejudicial intent. The research question this article seeks to answer centers on understanding the harm experienced by victims of hate crimes and how it shapes their sense of belonging to society. Little is known about hate crimes in Iceland and corresponding harm. This article is based on a qualitative study conducted in Iceland. Twenty-five individuals with a mi-

nority background who had experienced a hate crime were interviewed. The key findings underscore the detrimental effects of hate crimes, which manifest in feelings of vulnerability, fear, and mistrust. These experiences resulted in behavioral changes and, in the most extreme cases, complete marginalization. Moreover, several participants reported a sense of not belonging to society, which further compromises their ability to cope with the consequences of hate crimes.

KEYWORDS: Hate crimes, victimization, harm

Inngangur

Á tiltölulega skömmum tíma hefur íslenskt samfélag breyst frá því að vera fremur einsleitt í að vera fjölmenningsamfélag. Á tímabilinu 1998 til 2023 jókst hlutfall innflytjenda hérlendis úr 2% til 18% landsmanna (Hagstofa Íslands e.d.). Samhliða því hefur réttarstaða ýmissa minnihlutahópa styrkst, meðal annars með réttindabaráttu sem hefur skilað sér í lagabreytingum og aukinni víðsýni almennings. Samhliða auknum fjölbreytileika og sýnilegri réttindabaráttu minnihlutahópa á Vesturlöndum hefur hins vegar hatursglæpum (e. *hate crimes*) fjölgað. Kanadiski afbrotafræðingurinn Barbara Perry (2001) telur ástæðuna þá að hatursglæpum sé beitt sem andspyrnu gegn jafnri stöðu hópa og auknum sýnileika minnihlutahópa og hverfist þar af leiðandi um vald.

Engin ein skilgreining er til á hatursglæpum en í lögum eru þeir skilgreindir sem verknaðir sem brjóta í bága við almenn hegningarlög (OSCE, 2022) og ásetningur brotanna byggir á neikvæðu viðhorfi eða fordómum geranda gagnvart þolendum. Til að brot falli undir skilgreiningu hatursglæpa þarf ásetningur gerandans nánar tiltekið að byggja á fordómum í garð persónulegra einkenna sem vernduð eru í lögum, svo sem þjóðernislegs uppruna, litarháttar, trúarbragða, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar og kyntjáningar (Almenn hegningarlög nr. 19/1940).

Hatursglæpir hafa lítið verið rannsakaðir í íslensku samfélagi og þar með talinn sá skaði (e. *harm*) sem af þeim hlýst. Haturstjáning hefur hins vegar verið rannsökuð (Eyrún Eyþórsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019, sjá líka Bjarney Friðriksdóttir, 2014; Kristín Loftsdóttir, 2013). Fyrirliggjandi rannsóknir sem skara þetta svið snúast að mestu um fordóma í garð minnihlutahópa (Eiríkur Bergmann, 2015; 2017; Kristín Loftsdóttir, 2015, 2017; Wojtynska og Zieliska, 2010), misrétti á vinnu- markaði (Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir, 2019) og íslamsfælni á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum (Bjarni Randver Sigurvinsson, 2017; Kristján Þór Kristjánsson, 2014). Rannsóknir benda til þess að fólk sem tilheyrir minnihlutahópum upplifi fordóma í sinn garð, jafnvel hatursglæpi og mismunun. Skýrslur ECRI, Evrópunefndar gegn kynþáttamisrétti og umburðarleysi, hafa til að mynda lengi bent á vaxandi andúð og haturstjáningu hérlendis í garð innflytjenda samhliða fjölgun þeirra (2007; 2012; 2017; 2023). Þá hefur að undanfögnu verið þrýst á lögreglu að taka hatursglæpi fastari tókum, sérstaklega í tengslum við bakslag í réttindabaráttu hinsegin fólks (sjá t.d. Anna María Björnsdóttir o.fl., 2022).

Líkt og aðrir glæpir valda hatursglæpir þeim skaða sem fyrir þeim verða. Breski félagsfræðingurinn Paul Iganski (2008, sjá líka Iganski og Lagou, 2015) hefur í skrifum sínum lagt áherslu á að hatursglæpum fylgi meiri skaði en hlýst af sambærilegum brotum sem byggja ekki á fordómaásetningi (sjá líka Bell og Perry, 2015; Paterson o.fl, 2019; Perry og Alvi, 2012; Walters o.fl. 2019). Ástæða þessa er margþætt, eins og fjallað verður um hér að neðan, en snýst í grunninn um viðkvæma stöðu þolenda (Benier, 2017; Ignaski og Lagou, 2015). Hatursglæpir eru þar af leiðandi álitnir tæki þeirra sem hafa valdið til að festa betur í sessi ójöfnuð sem þrífst innan fjölbreytilegs samfélags. Auk þess er jafnframt vísað til samfélagslegra afleiðinga þess að fordómar fái að viðgangast, en slíkt getur skapað sundrunu og óeiningu og skerpt á mörkum milli hópa (Perry, 2001).

Í þessari grein er sjónum beint að því hvers konar skaða þolendur hatursglæpa hérlendis upplifa og hvernig skaðinn mótur upplifun fólks af því að tilheyra og taka þátt í samfélaginu. Greinin byggir á niðurstöðum rannsóknar um hatursglæpi á Íslandi en tekin voru viðtöl við 25 einstaklinga sem til-

heyra minnihlutahópum og hafa upplifað hatursglæp í sinn garð. Helstu niðurstöður greinarinnar eru að allir viðmælendurnir upplifðu skaða sem birtist meðal annars í skorti á öryggi og forðun auk þess sem hluti viðmælenda upplifði jaðarsetningu. Jaðarsetningin byggði á því að viðmælendurnir upplifðu sig sem annars flokks þjóðfélagsþegna og forðuðust almannarými. Þó var skaðinn mismikill og þar af leiðandi höfðu hatursglæpirnir ólíkar afleiðingar eftir einstaklingum. Greinin er framlag í umræður um inngildingu, fordóma og bakslag í réttindabaráttu minnihlutahópa og varpar ljósi á tengsl ofbeldis byggðu á fordómum, jaðarsetningar og skorts á tilfinningunni að tilheyra samfélaginu.

Næst verður fjallað um skilgreiningar á hatursglæpum og í kjölfarið þann skaða sem af þeim hlýst. Þá verður sagt frá gögnum og aðferðum og að lokum verður greint frá helstu niðurstöðum.

Hvað er hatursglæpur?

Hatursglæpur er hugtak sem notað er til að lýsa ofbeldi í garð fólks sem tilheyrir minnihlutahópum og sprettur af þeirri ástæðu einni að sá sem beitir ofbeldinu hefur neikvætt viðhorf, svo sem fordóma og hlutdrægni, gagnvart hópi sem þolandinn tilheyrir. Hugtakið sjálf er ekki að finna í íslenskum lögum, þó vernd ákveðinni einkenna sé að finna í lagagreinum 70, 233a og 180 almennra hegningarlaga (Almenn hegningarlög nr. 19/1940). Þá eru félagsfræðilegar og lagalegar skilgreiningar hugtaksins ólíkar. Félagfræðilegar skilgreiningar miða að öllu ofbeldi sem beint er að fólki með minnihlutabakgrunn (hatursofbeldi) en lagalegar skilgreiningar miða að því að ofbeldið varði við hegningarlög. Hatursglæpur er þar af leiðandi nokkuð óljóst hugtak.

Hin félagsfræðilega skilgreining kveður á um að hatursglæpir séu birtingarmynd kerfisbundinna fordóma í samfélaginu (Bell og Perry, 2015; Perry og Alvi, 2012; Perry, 2001) sem felur í sér réttlætningu ofbeldis í garð ákveðinna hópa (Maussen og Grillo, 2014). Hatursglæpur er þar af leiðandi regnhlífarhugtak yfir hvers kyns ofbeldi gagnvart minnihlutahópum þar sem ásetningurinn byggir á fordómum gagnvart meðlimum (Charkraborti, 2014). Þannig hefur til dæmis verið bent á að margir hatursglæpir nái aldrei þröskuldi þess að flokkast sem glæpur samkvæmt lögum þótt vissulega sé um að ræða alvarlega birtingarmynd fordóma (Atak, 2019). Ég dreg þetta fram hér til að varpa ljósi á að skilgreiningar á hatursglæpum eru ekki meitlaðar í stein heldur breytilegar.

Perry (2001; 2003) leggur áherslu á að skoða hatursglæpi sem afleiðingu mikils samfélagslegs ójafnaðar. Nánar til tekið það sem Perry á við er að þar sem hluti samfélagsins samþykkir jaðarsetningu ákveðinna hópa festist með tímanum í sessi valdaformgerð sem byggir á grundvelli félagslegra samþykktra viðmiða (e. *normativity*). Viðmiðin geta verið ólík milli samfélaga og hópa en hverfast jafnan um gagnkynhneigð (e. *heteronormativity*), hvítleika (e. *white normativity*), uppruna (e. *normativity of ethnicity*) og trúarskoðanir, svo dæmi séu tekin. Félagssleg viðmið eru hugmyndafræðilegt kerfi sem afneitar og stimplar hvers kyns hegðun, sjálfsmynd, sambönd eða samfélög sem falla ekki að þessum viðmiðum (sjá t.d. Herek, 1992) og endurspeglar að einhverju leyti gildismat samfélagsins. Þeir einstaklingar og hópar sem falla ekki að þessum fyrir fram gefnu viðmiðum, til dæmis innflytjendur, hinsegin fólk og fatlaðir, eru þar af leiðandi í viðkvæmri stöðu og eru útsettir fyrir hatursglæpum (Perry, 2001; 2009).

Þegar fjallað er um skaða af völdum hatursglæpa er mikilvægt að ávarpa samtönnun mismunabreyta (e. *intersectionality*) þar sem jaðarsetning getur byggst á ólíkum þáttum í minnihlutabakgrunni einstaklings (Mason-Bish, 2015). Hugtakið samtönnun mismunabreyta er eignað Kimberlé Crenshaw og á rætur að rekja til áttunda áratugar síðustu aldar og snýr að því hvernig margþætt mismunun tvinnast saman og myndar mismunandi jaðarsetningu (Crenshaw, 1989). Það er því ekki ávallt skýrt hvað liggur að baki þegar einstaklingur verður fyrir hatursglæp, t.d. hvort ráðist sé á einhvern vegna þess að viðkomandi er innflytjandi, með dökkan húðlit eða múslimi. Það að vera innflytjandi sem einnig er múslimi og með dökkan húðlit gerir það því að verkum að viðkomandi er enn jaðarsettari en ella og því líklegri skotmark gerenda hatursglæpa. Slíkir hópar hafa í gegnum tíðina þurft að líða mikið misrétti og eiga á meiri hættu en aðrir að verða fyrir hatursglæp.

Með því að leggja áherslu á að hatursglæpir séu verkfæri valdameiri aðila til að viðhalda for-

réttindastöðu sinni og þar með ójöfnuði, segir Perry (2001; 2003; sjá einnig Chakraborti og Garland, 2012) að hatursglæpir séu afleiðing tveggja félagslegra ferla: Annars vegar öðrunar (*e. othering*) og hins vegar þess að skapa og undirstrika mun á milli hópa (*e. doing difference*). Öðrunin byggir á því að reynt er að skapa og viðhalda stöðluðum hugmyndum um að tiltekið fólk og hópar falli ekki að fram gefnum félagslegum viðmiðum varðandi litarhátt, kynhneigð, trúarbrögð og þess háttar. Með þeim hætti verða „hinir“ skilgreindir í samhengi við „okkur“ og falla þar af leiðandi ekki að hugmyndum um félagsleg viðmið samfélagsins og eiga því á hættu að verða fyrir fordómum (Perry, 2001). Að skapa þennan mismun viðheldur félagslegu stigveldi á milli „okkar“ og „hinna“.

Þessir ferlar verða sérstaklega áberandi í tvenns konar kringumstæðum: Í vaxandi fjölbreytileika innan samfélags og á tímum réttindabaráttu minnihlutahópa. Þannig viðhalda hatursglæpir ójöfnuði í samfélaginu með því að skerpa skil á milli hópa (Chakraborti og Garland, 2012). Þá leika hatursglæpir hlutverk sem refsing gagnvart þeim sem falla ekki að viðteknum samfélagslegum viðmiðum (Perry og Alvi, 2019). Út frá þessu félagsfræðilega sjónarmiði er hægt að líta á hatursglæpi sem valdataeki til að viðhalda valdaformgerð samfélagsins. Hatursglæpir byggja þannig á ójöfnum rétti, aðstæðum og tækifærum fólks og viðheldur kerfi sem veitir ákveðnum líffræðilegum og félagslegum einkennum forréttindi og jaðarsetur að sama skapi þau sem falla ekki inn í þann flokk (Perry, 2001).

Skaði og afleiðingar hatursglæpa

Því er haldið fram að skaði hatursglæpa sé meiri en sá sem hlýst af sambærilegum glæpum án fordómaásetnings (Hardy og Chakraborti, 2020; Ignaski, 2001; 2009; Ignaski og Lagou, 2015; Levin og McDevitt, 2002, Herek, Gillis og Cogan, 1999). Rökin eru þau að hatursglæpir beinast að óbreytanlegum hluta sjálfsmyndar manneskju, svo sem þjóðernislegum uppruna, litarhætti, trúarbrögðum, fötlun, kynvitund eða kynhneigð. Glæpurinn er auk þess ópersónulegur, sem gerir það að verkum að hver sem tilheyrir viðkomandi hópi er útsettur en slíkt getur vakið viðvarandi tilfinningu um að vera sífellt í hættu (Hardy og Chakraborti, 2020; Paterson o.fl., 2019; Vedeler o.fl., 2019; Walters o.fl., 2019). Að því leyti hafa skilaboðaglæpir (*e. message crime*) víðtækari áhrif en aðrir glæpir vegna þess að í þeim felast ógnvekjandi skilaboð gagnvart öðrum sem deila sömu einkennum og þolendur (Perry og Alvi, 2012).

Í hatursglæpum felast aukin heldur bæði beinn skaði (*e. direct harm*) og óbeinn skaði (*e. indirect harm*). Með beinum skaða er átt við líkamlegar, tilfinningalegar, félagslegar og efnahagslegar afleiðingar sem brotapolinn upplifir sjálfur (Benier, 2017). Óbeinn skaði vísar hins vegar til áhrifa hatursglæpa sem gætir meðal þeirra sem hafa sömu einkenni eða tilheyra sama hópi og þolandinn en urðu ekki sjálfir fyrir broti. Eðli málsins samkvæmt er óbeinn skaði hatursglæpa meiri en annarra brota sökum þess að þeir skapa ógn og hræðslu hjá stórum hópi fólks því það að er handahófskennt hver þolandinn er (Perry, 2001). Hvort sem um er að ræða beinan eða óbeinan skaða styrkja hatursglæpir félagslega samþykkt viðmið með því að skapa upplifun af viðkvæmri stöðu. Þar af leiðandi má segja að fólk sem tilheyrir jaðarsettum hópum í viðkvæmri stöðu upplifi að jafnaði alvarlegri afleiðingar í kjölfar hatursglæpa en þolendur sambærilegra brota sem ekki eru framin vegna fordóma (McDevitt o.fl., 2001).

Rannsóknir á afleiðingum hatursglæpa sýna fram á margs konar birtingarmyndir skaða sem skerða lífsgæði þolenda (Hardy og Chakraborti, 2020; Janssen o.fl. 2021). Bæði getur verið um að ræða líkamlegan skaða, eins og eftir líkamsárás, eða tilfinningalegan skaða eftir hvers konar brot sem er. Dæmi um tilfinningalegan skaða hatursglæpa er ótti (Abu-Ras og Abu-Bader, 2008; Garofalo, 1997), kvíði (Ehrlick, 1992) og erfiðleikar við að upplifa öryggi og traust (Benier, 2017). Í viðamikilli rannsókn frá 2001 kom fram mikill munur á afleiðingum sem þolendur hatursglæpa upplifa og upplifun þolenda sambærilegra glæpa sem framdir voru án fordóma. Meðal helstu birtingarmynda voru þættir eins og reiði, kvíði, þunglyndi, skortur á einbeitingu, sjálfsmorðshugsanir og forðun. Einnig kom fram breyting á hegðun til að komast hjá aðstæðum þar sem þolendur kunna að verða fyrir fordómum á ný (McDevitt o.fl., 2002; Iganski, 2008), eins og að fjarlægja trúarleg tákni,

fordast ákveðna staði eða flytjast búferlum (Anderson og Mellgren, 2016). Rannsóknir sýna jafnframt að fólk sem tilheyrir sama hópi eða hefur sömu einkenni og þolandi hatursglæps hefur einnig upplifað kvíða og jafnvel breytt hegðun sinni í kjölfar glæpsins (Perry og Alvi, 2012; Waters o.fl., 2019).

Polendafræði (e. *victimology*) fjallar meðal annars um hvers konar áhrif það hefur á manneskju að verða fyrir glæp. Skaði sem hlýst af því að verða fyrir afbroti fer fyrst og fremst eftir alvarleika brotsins en einnig eftir því hvernig þolandinn upplifir brotið. Almennt er talað um tvær ástæður þessa að þolendur upplifa meiri afleiðingar vegna hatursglæpa en annarra glæpa: Upplifun af útilokun (Anderson og Mellgrein, 2016; Benier, 2017) og fyrri reynsla af hatursofbeldi og vitund um ríkjandi fordóma. Herek og félagar (2002) benda á að jafnvel minni háttar tjáning óvildar gagnvart minnihlutahópum geti valdið áfalli því mörgum minnihlutahópum sé vel kunnugt um það ofbeldi og þá óvild sem hefur í gegnum tíðina verið beint að meðlimum þessara hópa. Til dæmis hefur verið sýnt fram á að upplifun af kynþáttafordómum og mismunun getur leitt til meiri kvíða, þunglyndis og áfallastreitu (Williams o.fl., 2003).

Gögn og aðferðir

Grein þessi byggist á eigindlegri rannsókn á hatursglæpum á Íslandi sem hefur það markmið að skilja upplifun fólks af því að verða fyrir hatursglæp. Í eigindlegri aðferðafræði er leitast við að draga fram reynslu fólks þannig að það segi frá upplifun sinni með eigin orðum. Með því fæst dýpri og margþættari skilningur einstaklings á málefninu en með öðrum aðferðum (Bogdan og Biklen, 2003). Rannsóknin varpar því ekki ljósi á umfang hatursglæpa í samfélaginu heldur upplifun þolenda.

Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 25 einstaklinga sem höfðu orðið fyrir hatursglæp sem beindist gegn einum eða fleiri eftirfarandi þátta: Þjóðernislegum uppruna, litarhætti (kynþætti), trúarbrögðum, fötlun, kynhneigð, kynvitund og kyntjáningu. Til að byrja með fengust viðmælendur með snjóboltaaðferð þar sem höfundur leitaði til einstaklinga sem vitað var að hefðu orðið fyrir hatursglæp og viðkomandi bentu jafnframt á aðra viðmælendur. Þannig fengust sex viðmælendur. Einnig var auglýst eftir viðmælendum á Facebook sumrin 2020 og 2022. Auglýsing var sett inn á Facebook-síðu höfundar og fékk þaðan mikla dreifingu inn í ýmsa hópa. Loks var auglýsing sett inn á Facebook síðuna *Away from home – Living in Iceland* (sem hefur rúmlega 20 þúsund meðlimi) og á Facebook síðuna Hinseginspjallið. Viðtölin fóru fram á tímabilinu júní 2019 til desember 2022.

Allir viðmælendurnir teljast til eins eða fleiri minnihlutahóps. Þannig voru í viðtalshópnum einstaklingar sem eru innflytjendur (16 viðmælendur), með dökkan hörundslit (8 viðmælendur), múslimar (4 viðmælendur), samkynhneigðir (3 viðmælendur), transfólk (3 viðmælendur) og með fötlun (1 viðmælandi). Tveir eða fleiri þessara bakgrunnspátta fléttuðust jafnframt saman hjá mörgum viðmælendum og þannig var hægt að horfa í samtölvinnun mismunabreyta. Fjórtán viðmælenda voru karlar og 11 voru konur og aldur viðtalshópsins spannaði frá 23 til 55 ára. Flestir viðmælenda voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins fjórir viðmælenda töluðu íslensku í viðtölunum en aðrir töluðu ensku, sem var móðurmál þriggja viðkomandi. Í þeim viðtölum þar sem enska var töluð voru orð viðmælenda þýdd yfir á íslensku.

Sjálf tilheyrir höfundur forréttindahópi sem sískynja kona, fædd á Íslandi, með hvítan hörundslit, ófötluð og gagnkynhneigð. Höfundur getur þar af leiðandi ekki fullkomlega skilið upplifun þeirra sem þurft hafa að berjast fyrir tilverurétti sínum. Ýmsar siðferðislegar spurningar vakna þegar einstaklingur með forréttindi rannsakar einstaklinga í jaðarsettri stöðu. Til að tryggja hagsmunum viðmælenda var farið eftir siðareglum háskóla um vísindarannsóknir (Háskóli Íslands, 2020), sérstaklega varðandi virðingu gagnvart fólki í viðkvæmri stöðu, sem og viðmiðum eigindlegrar aðferðafræði til varnar viðmælendum um upplýst samþykki, tækifæri til að draga sig úr rannsókninni á hverjum tíma og nafnleynd (Hammersley og Atkinson, 2007).

Rannsóknin var framkvæmd með þeim hætti að viðtöl voru tekin ýmist augliti til auglitis eða

í gegnum netið þar sem notast var við fjarfundabúnaðinn Zoom. Viðtölin voru á bilinu 40 til 120 mínútna löng. Þau voru skrifuð orðrétt upp þar sem viðmælendum voru gefin dulnefni og upptök-unum var síðan eytt. Viðtölin voru þýdd yfir á íslensku. Viðtölin voru sett inn í greiningarforritið Nvivo þar sem þau voru ítrekað lesin og kóðuð. Að því loknu voru dregin saman þau þemu sem birtust í gögnunum. Í þessari grein er byggt á þemum sem komu fram varðandi upplifun af skaða hatursglæpa.

Niðurstöður

Í þessum kafla verða kynntar niðurstöður rannsóknarinnar sem falla undir þemu er lúta að áhrifum hatursglæpa sem þátttakendur upplifðu sem skaðleg. Í rannsóknarniðurstöðum var sérstaklega horft til tilfinningalegra og félagslegra viðbragða viðmælanda. Innan þessa ramma voru eftirfarandi þemu auðkennd: 1) Varnarleysi og skortur á öryggiskennd, 2) breytingar á hegðun, högum og lífi og loks 3) jaðarsetning og upplifunin að tilheyra ekki.

Tilfinning um varnarleysi og skortur á öryggiskennd

Fjöldi rannsókna sýnir að öryggiskennd þolenda hatursglæpa skerðist að jafnaði meira en þolenda sambærilegra brota án fordómaásetnings (sjá t.d. Benier, 2017; McDevitt o.fl., 2002). Meðal viðmælanda mátti greina skerðingu á öryggiskennd. Þetta kristallast í orðum Muhammed, hörunds-dökks innflytjanda, þegar hann var spurður hvort hann hefði fyrirfram velt þeim möguleika fyrir sér að verða fyrir hatursglæp á Íslandi: „Ef ég á að vera hreinskilinn hef ég heyrt svo margar sögur að ég var undir það búinn að þurfa að upplifa þetta.“ Muhammed vísaði í kjölfarið til vinalóps síns héraðs sem samanstendur af karlmönnum með innflytjendabakgrunn sem höfðu orðið fyrir hatursglæpum og höfðu deilt þeirri reynslu með honum. Í vinalópnum þótti mikilvægt að undirbúa nýja vini fyrir þennan veruleika. Þegar Charlie, rúmlega þrítugur maður frá Gana, var spurður að því sama tók hann í sama streng: „Auðvitað, ég meina, ég er svartur.“ Bæði Muhammed og Charlie töldu þannig fyrirfram nánast öruggt að þeir yrðu fyrir hatursglæp á Íslandi.

En það voru ekki einungis innflytjendur með dökkan húðlit sem upplifðu öryggisleysi. Claudia, sem er frá suðurhluta Evrópu og varð fyrir líkamsárás, sagði: „Ég mundi aldrei fara ein út að kvöldi til eins og áður“ og transkonan Klara, sem er fædd og uppalin á Íslandi, sagðist upplifa mikið öryggisleysi í almannarýmum vegna hatursskilaboða af kynferðislegum toga sem henni hefðu borist og gerðu það meðal annars að verkum að hún átti erfitt með að fara á stefnumótamarkaðinn. „Ég veit auðvitað aldrei hvenær ég gæti svo hitti einhvern sem er að senda mér slík skilaboð“ (Klara).

Skortur á öryggiskennd mátti einnig greina í viðtölunum þegar einhver annar úr sama minnihlutahópi sem viðmælandi þekkti til hafði orðið fyrir hatursglæp (óbeinn skaði). Aisha, þrítug múslimsk kona, sagðist sem dæmi hafa upplifað mikla hræðslu eftir að eiginmaður hennar varð ítrekað fyrir haturstjáningu: „Þegar hann hefur sagt mér frá þessu hef ég orðið svo hrædd. Það er erfitt að sætta sig við að það gæti verið ráðist á manninn þinn bara vegna þess hvernig hann lítur út.“ Aisha sagði það ógnvekjandi að vita til þess að fólk gæti orðið fyrir hatursglæp í almannarými og tók sérstaklega fram að þegar veist var að eiginmanni hennar í Kolaportinu var þar fullt af fólki en enginn hefði brugðist við. Aisha upplifði þar af leiðandi almannarýmið sem ótryggt fyrir sig og fjölskyldu sína og fannst í hún kjölfarið ekki geta treyst öðru fólki.

Þessi skortur á öryggiskennd getur gert það að verkum að einstaklingar vantroysti umhverfi sínu. Vitundin um að geta orðið fyrir hatursglæp, auk fyrri reynslu af því að verða fyrir fordómum, gerði það að verkum að viðmælendur upplifðu vantraust og óöryggi. Transkonan Jana, sem ítrekað hafði orðið fyrir hatursófbeldi sagðist vera orðin svo meðvituð um að: „[...] öryggi er eitthvað sem getur horfið á augnabliki. Þetta er ég meðvituð um að þessi tilfinning getur horfið á augnabliki.“ Með sambærilegum hætti mátti sjá í orðum Stephanie, sem er kanadísk og með hvítan hörundslit, hvernig vitundin um möguleikann á að verða fyrir hatursglæp rækti með manni ákveðinn hugsunarhátt:

Stephanie: „Ef ég ætti að telja upp hversu oft ég hef verið kölluð útlensk tussa eða eitthvað svoleiðis út af engu [hik], stundum er þetta ekki einu sinni orðalagið heldur hvernig er horft á mig.“

Höfundur: „En frá hverjum var þetta? Upplifir þú þetta frá öllum eða?“

Stephanie: „Nei, alls ekki öllum. Ekki frá öllum en það gerir mig mjög varkára gagnvart öllum.“

Hún hélt áfram og tók dæmi um líðan eftir að hafa fengið send hatursskilaboð í tölvupósti sem gerðu hana mjög óörugga:

Ég fór heim þetta kvöld um miðnætti og ég bað vin minn um að labba með mér út á bílastæði, „af hverju“ spurði hann og ég sagði bara „af því að mér líður ekki vel“ en vildi ekki segja meira. Þegar ég kom heim að þá gekk ég að húsinu [...]og þá fékk ég þessa tilfinningu eins og ég væri myrkfælin og ég vissi ekki hvernig ég átti að tjá mig um þetta. Ég vissi ekki hvort þessi manneskja væri í kringum mig og ég bara alltaf að líta kringum mig. Það var alveg ömurlegt.

Jason og Abdul, sem eru með dökkan húðlit, höfðu einnig upplifað að vitni að haturstjáningu í þeirra garð hefðu ekki brugðist við. Jason sagði að enginn hefði kippt sér upp við það að hann hefði í tvígang verið kallaður „monkey“. Í fyrra skiptið var þar að verki kona í verslun. „Aðrir viðskiptavinir voru bara að bíða á kassanum“ (Jason). Í seinna skiptið var um að ræða skiptinema þar sem hann var í námi og „enginn sagði neitt, þau bara horfðu á“ (Jason). Abdul upplifði einnig viðbragðsleysi vitna að haturstjáningu þar sem hann starfaði í verslun. Samstarfsfélaga hans fannst hann þurfa að þrifa allt sem Abdul snerti auk þess að lofta mikið út og gaf í skyn að hann væri með Ebólaveiruna og lyktaði illa. Jason og Abdul upplifðu þögn annarra sem eins konar samþykki á fordómunum, sem gerði upplifun þeirra verri. Abdul tók þó fram að í eitt sinn hefði viðskiptavinur brugðist við með því að segja honum að horfa fram hjá hegðun samstarfsfélagans og hefði þannig sýnt honum stuðning.

Fræðafólk hefur bent á að það sé mjög kvíðvænlegt að búa við aðstæður þar sem viðkomandi býst því að verða fyrir hatursglæp (Walters o.fl., 2019). Það hefur aukinheldur neikvæðar afleiðingar fyrir almennt heilsufar að finna hjá sér sífellda þörf fyrir að vera á varðbergi, auk þess sem það eykur tilfinningalegt álag (Herek o.fl., 2002). Upplifun af hatursglæpum og afleiðingar þeirra geta þar af leiðandi skert öryggistilfinningu fólks og traust þess til annarra. Slíkt vantraust getur haft áhrif á hegðun einstaklinga eins og vikið verður að í næsta undirkafla.

Breytingar á hegðun í varnarskyni

Algengt varnarviðbragð í kjölfar þess að verða fyrir hatursglæp og upplifa varnarleysi og ótta er að breyta hegðun sinni (Barnes og Ephross, 1994; Poynting, 2002). Allir viðmælendurnir breyttu hegðun sinni eftir upplifun af óþægindum í kjölfar hatursglæps. Helstu breytingar voru að minnka viðveru eða forðast almannarými í raunheimum eða netheimum, búferlaflutningar, skipta um vinnu og aðlaga hegðun sína.

Viðmælendurnir töluðu mikið um forðun, t.a.m. transkonurnar Jana og Klara. Jana, sem upplifði ítrekaðar árásir ungmenna gegn sér í hverfinu þar sem hún bjó, dró úr viðveru sinni í almannarými: „Já en ég er miklu minna úti ein.“ Klara sagðist jafnframt aldrei fara niður í miðbæ að kvöldi til vegna þess að hún hræddist að verða fyrir líkamlegri eða kynferðislegri árás af hendi þeirra sem beindu að henni haturstjáningu á netinu. Þá voru dæmi um að þátttakendur forðuðust netheima en Jana sagði að best væri að gera sig ósýnilega til að verða ekki skotmark hatus því um leið og hún hefði tekið sér pláss í samfélagslegri umræðu hefði haturstjáningu verið beint að henni.

Forðun gat þó einnig birst sem almenn félagsleg einangrun eins og hjá Jónu, Claudiu og Elísabetu. Jóna, kona af asískum uppruna sem er uppalin á Íslandi, forðaðist til dæmis almannarými og

lokaði sig alveg af um tíma eftir að hún varð fyrir líkamsárás: „Ég varð svo hrædd við að fara úr húsi og fékk mikinn kvíða.“ Með sama hætti fór Claudia út á land um tíma eftir að hafa orðið fyrir líkamsárás í Reykjavík, „til að jafna mig,“ eins og hún orðaði það. „Þetta var eins og í rússíbana og ég fór langt niður“ (Claudia). Einangrun Jónu og Claudiu var tímabundin en hjá Elísabetu, konu frá landi í Suður Ameríku, varð hún ótímabundin því hún hætti á vinnumarkaði eftir erfiða reynslu af haturstjáníngu og mismunun vegna þjóðernis. Elísabet fór í nám á netinu við erlendan háskóla og fór helst ekki út úr húsi nema af brýnni nauðsyn: „Ég hef bara enga trú á því að þetta breytist, ég er búin að láta reyna á þetta nógu oft.“ Elísabet hafði misst alla trú á að eiga möguleika í íslensku samfélagi og var þegar orðin mjög jaðarsett þegar viðtalið var tekið. Í tilfelli hennar er um að ræða aðskilnað við samfélagið. Að draga úr, jafnvel að öllu leyti, samfélagslegri viðveru og kjósa frekar félagslega einangrun er þekkt viðbragð eftir hatursglæp. Sýnt hefur verið fram á að slík varnarviðbrögð geta haft alvarlegar sálfræðilegar afleiðingar auk þess sem slíkt skerðir mikið frelsi einstaklings, hefur efnahagslegar afleiðingar og takmarkar lýðræðislega þátttöku (Benier, 2017; Perry, 2014).

Aðrar breytingar sem mátti greina í frásögnum viðmælenda voru búferlaflutningar og það að forðast ákveðin hverfi. Jana flutti til dæmis í annað hverfi eftir síendurteknar árásir:

Ég bara nennti ekki að hlusta á fólk vera alltaf eitthvað „Hey þú, þú ert undarleg manneskja og ég þarf að fá þig til að réttlæta þig fyrir mér eða ég ætla að segja þér hvað þú ert mikið frík.“

Þessi reynsla varð til þess að Jana flutti í annað hverfi þar sem hún upplifði sig öruggari. Munur á upplifun þátttakenda af óöryggi eftir hverfum kom til tals hjá fleiri viðmælendum. Þannig sagði Maciek, samkynhneigður maður frá Póllandi: „[staðsetning] er hverfi í Reykjavík þar sem ég mundi aldrei segja frá því að vera samkynhneigður ef ég væri að leita mér að húsnæði, ég mundi aldrei vilja búa þar.“ Aðspurður hvað það væri nákvæmlega sem hann taldi vera áhættusamt við að búa í hverfinu sagði hann:

Ég vil ekki verða fyrir hatursglæp, ég vil ekki að fólk sé að benda á mig sem samkynhneigðan, ég vil ekki verða fyrir aðkasti, ég vil ekki að fólk verði hrætt um börnin sín nálægt mér því það heldur að ég stundi barnanið.

Viðmælendur töluðu einnig um að skipta um vinnu, en nokkuð af þeim hatursglæpum sem tilgreindir voru hjá viðmælendum áttu sér stað í vinnu eða í námi. Claudia skipti um vinnu eftir hatursglæp sem hún varð fyrir af hendi vinnufélaga. „Ég bað samstarfskonu mína sem keyrði mig á sjúkrahúsið að segja ekki neinum frá. Ég skammaðist mín. En það var eins og ég væri tvær manneskjur, þolandinn og baráttukonan“ (Claudia). Hún útskýrði það síðar með því að segja að hún ákvað að láta sig ekki hafa þetta, skipti um vinnu og kærði svo gerandann til lögreglu. Með sama hætti talaði Elísabet um hvernig hún hafði ítrekað upplifað haturstjáníngu og mismunun í störfum sem hún vann hérlendis. Hún var meðal annars þjófkennd, fékk verri verkefni en íslenskir samstarfsmenn og var lögð í einelti.

Í viðtölum kom bersýnilega í ljós að óöryggið leiddi til þess að margir viðmælenda urðu hræddir við að bregðast við aðstæðum, eins og kom skýrt fram hjá Abdul og Aishu. Aðspurður hvort hann hefði kvartað undan síendurtekinni haturstjáníngu fyrrgreinds samstarfsfélaga síns sagði Abdul: „Ég kvartaði ekki til að byrja með. Ég bara lét mig hafa það.“ Og Aisha, sem upplifði óöryggi eftir að eiginmaður hennar varð fyrir hatursglæp, kvaðst ekki hafa þorað að standa mér sjálfri sér þegar fordómum var beint gegn henni. Aisha kvaðst þó innst inni hafa viljað skipta um heimilislækni og ljósmóður vegna fordóma sem hún upplifði frá þeim. Til dæmis hafi ein ljósmóðirin sagt við hana: „Æ, þú er öll pökkuð inn í þetta efni og færð ekkert sólarljós“ og vísaði þar til slæðunnar. „Nei, ég var svo hrædd við hana. Ég vissi að ég sæti uppi með hana og fannst þess vegna best að kvarta ekki,“ sagði Aisha og tengdi óöryggi sitt við fyrri upplifun af hatri sem hafði dregið úr trausti hennar til fólks og kjark.

Upplifun af því að tilheyra ekki, jaðarsetningu og að eiga ekki aðild að samfélaginu átti sér fleiri birtingarmyndir sem verður betur gerð betri grein fyrir í næsta hluta.

Öðrun og að upplifa sig ekki tilheyra eftir hatursglæp

Perry (2001) leggur áherslu á að hatursglæpir séu afleiðingar tveggja félagslegra ferla: Öðrunar og valdamisræmis milli hópa. Hatursglæpir séu þar að leiðandi til þess fallnir að festa í sessi ójöfnuð og jaðarsetningu. Í frásögnum viðmælenda var fjöldi tilvísana í upplifun af útilokun, að tilheyra ekki samfélaginu og jaðarsetningu. Upplifunin af því að tilheyra varðar ekki síst getu einstaklings til að takast á við afleiðingar hatursglæpa.

Stór hluti viðmælenda tók sérstaklega fram að upplifa sig sem „minna virði“, „skömm gagnvart uppruna“ eða sem „annars flokks þjóðfélagsþegn“ í kjölfar hatursofbeldis gegn viðkomandi. Tony, sem er hvítur á hörund og frá Nýja Sjálandi, sagðist til að mynda hafa sótt um vinnu í verslun skömmu eftir komu til landsins en verið sagt að þar væru útlendingar ekki ráðnir. „Fyrst var ég bara hissa, mjög hissa [...] en svo þegar tíminn leið fann ég fyrir reiði“ (Tony). Stephanie tók einnig dæmi af árás sem hún varð fyrir:

Einu sinni vorum við að labba [...] og það var hrækt á okkur. Ég og maður sem ég var að labba með. Það var sagt „helvítis útlendingar, það er vonandi að við losum okkur við þig núna af [...] landinu.“

Þegar þessi atvik áttu sér stað hafði Stephanie hafði verið búsett á Íslandi í töluverðan tíma, en Tony var hins vegar nýkominn til landsins. Í kjölfarið upplifðu þau bæði sterkt að tilheyra ekki íslensku samfélagi.

Bæði fullorðnir og börn upplifðu útilokun í kjölfar hatursglæps. Tony og ung dóttir hans upplifðu haturstjáningu í verslun þegar hann talaði þar við hana á ensku sem varð til þess að kallað var að þeim „helvítis fokking útlendingar.“ Aðspurður hvaða áhrif þetta hafði sagði hann: „Nú, dóttir mín fór að hágráta“ og bætti við: „Við enduðum á því að fara beint heim þar sem ég og konan mín þurftum að ræða við dóttur okkar að til væri fólk sem væri illa við útlendinga“ (Tony). Upplifun Jónu var svipuð en hún upplifði mikla fordóma frá barnsaldri gagnvart litarhætti hennar. Hún sagði að afleiðingarnar af ítrekuðu hatri væru að hún hefði lítið sjálfstraust og félli aldrei inn í hópinn. Hún glímdi jafnframt við þá upplifun að tilheyra ekki, sem mótaði líf hennar og tilveru. Jóna og dóttir Tony eiga það sameiginlegt að hafa búið á Íslandi frá unga aldri og hafa báðar verið ungar þegar byrjuðu að fá skilaboð og athugasemdir sem byggðu á neikvæðu viðhorfi til uppruna þeirra. Eins og fram hefur komið sýna niðurstöður rannsókna að því fylgir aukið tilfinningalegt álag að finnast það sífellt þurfa að vera á varðbergi (Herek o.fl., 2002) og slíkt veikir getu einstaklings til að takast á við afleiðingar hatursglæpa.

Í tilfelli þeirra sem fluttu til landsins sem fullorðnir mátti einnig greina upplifun af jaðarsetningu, eins og sjá má á orðum Charlie og Aisha. Þegar Charlie var spurður að því hvort hann upplifði sig velkominn á Íslandi svaraði hann: „Svona 50/50.“ Beðinn um að útskýra það nánar sagði hann: „Ég hef hitt marga góða Íslendinga, meira að segja fundið mér eiginkonu, en þegar þú ert útlendingur hér, áttu þér ekkert pláss.“ Charlie bætti síðan við: „Ég hef átt þessar umræður við vini mína og sagt þeim hverju ég hef lent í og þeir hafa allir sínar eigin sögur að segja.“ Hér átti Charlie við að vinir hans af erlendum uppruna höfðu lent í fordómum, mismunun eða hatursglæp. „Þeirra sögur eru verri en mínar,“ bætti Charlie við í lokin. Aisha hafði einnig upplifað athugasemdir því hún notaði slæðu. Til dæmis hafi kona gengið að henni út í verslun og spurt um slæðuna:

Hún spurði mig hvort mér væri ekki heitt með slæðuna, sem var skritið því það var vetur og kalt úti. En hún var auðvitað bara að spyrja svona til að láta mig réttlæta slæðuna mína. En ég sagði ekkert, ég meina, hvað átti ég að segja?

Aisha upplifði þetta sem óviðeigandi þar sem þetta væru skýr skilaboð um að hún gæti ekki tilheyrt samfélaginu því að hún væri múslimi.

Eitt af alvarlegustu dæmunum sem nefnd voru í viðtölunum var kynferðisbrot sem Stephanie varð fyrir stuttu eftir að hún flutti til landsins. Frá því að hún settist að á Íslandi hafði hún upplifað mjög neikvætt viðhorf til sín sem útlending, sem hafði þau áhrif á hana að hún taldi sig ekki geta leitað til lögreglunnar. „Þetta var staðan mín og þessi fyrstu viðbrögð sem ég fékk við að vera útlensk. Ég bara fann það að ég stóð ekki jafnt á við aðra“ (Stephanie). Síðar bætti hún við:

Ég bara upplifði mig sem minni manneskju. Og ef ég færi til lögreglu yrði mér bara hent út úr landinu, enginn mundi trúá mér. Maður sem gerði þetta var sannur Íslendingur [...] og hver ætti að trúá mínum orðum.

Þessi alvarlega árás var ekki sú eina sem nefnd var í viðtölunum. Árásirnar voru þó í fæstum tilvikum tilkynntar til lögreglu því brotþoli skorti traust gagnvart yfirvöldum. Susan, kona á miðjum aldri frá Suður-Afríku með hvítan hörundslit en talar ekki íslensku, leitaði þó oft til lögreglu vegna nágretta sem sífellt var með haturstjáningu í garð hennar og eiginmanns hennar. Hún varð hins vegar fyrir miklum vonbrigðum þegar lögreglan á staðnum tók haturstjáningunni ekki alvarlega.

Lokaorð

Í þessari grein er leitast við að svara á grunni viðtalsrannsóknar hvers konar skaða þolendur hatursglæpa hérlendis upplifa og hvernig skaðinn mótast upplifun þeirra af því að tilheyra samfélaginu. Viðmælendurnir voru 25 einstaklingar með minnihlutabakgrunn. Eins og greint hefur verið frá eru hatursglæpir tæki þeirra sem hafa vald til að viðhalda forréttindastöðu sinni og þar með ójöfnuði en í því ferli skapast öðrun sem undirstrikar mismun á milli hópa (Perry, 2001). Í því ljósi er mikilvægt að horfa til samvinnunnar mismunabreyta þar sem fólk með minnihlutabakgrunn getur orðið fyrir hatursglæpi á grundvelli ólíkra þátta og í ólíkum aðstæðum. Auk þess er ekki alltaf augljóst hvaða þátt ráðist er á. Flestir viðmælendur í þessari rannsókn hafa fleiri en einn minnihlutabakgrunn sem útsetja þá gagnvart fordómum, mismunum og hatursglæpum. Helstu birtingarmyndir skaða meðal viðmælenda voru upplifun af varnarleysi, skortur á öryggiskennd, vantraust í garð annarra, breytt hegðun, forðun frá stöðum og aðstæðum og loks upplifun af því að tilheyra ekki og jaðarsetningu.

Almennt upplifðu viðmælendur varnarleysi og ótta í kjölfar þess að verða fyrir hatursglæpi. At-
hyglisvert var þó hversu margir töluðu um að hafa verið undir það búnir að þurfa að þola fordóma og hatursglæpi. Þetta gefur til kynna að í ákveðnum hópum séu meðlimir almennt viðbúnir því að þurfa að þola hatursofbeldi. Samkvæmt rannsóknnum getur slíkt veikt varnarviðbrögð í kjölfar hatursglæps (Bilewicz og Soral, 2020; Herek o.fl., 2002). Jafnframt gefur þetta til kynna að einstaklingar upplifi óbeinan skaða sem byggir meðal annars á skilaboðaðætti hatursglæpa. Það er að segja að hatursglæpir sem eru til staðar í samfélaginu skapa öryggisleysi hjá fólki sem býr við minnihlutastöðu.

Algengt var að viðmælendur gerðu breytingar á daglegu lífi í kjölfar hatursglæps. Viðmælendur töluðu til að mynda um að gefa ekki færi á sér að nýju með því að forðast ákveðnar aðstæður og staði. Sterkustu viðbrögðin voru veigamiklar breytingar á hógum sínum, eins og til dæmis að flytja, hætta í starfi og forðast aðstæður og vera ekki úti ein að kvöldi til. Þetta samræmist niðurstöðum rannsókna sem auðkenna forðun sem afleiðingu þess að verða fyrir hatursglæpi (McDevitt o.fl., 2002). Dæmi voru einnig um algera jaðarsetningu. Þegar fólk hættir í starfi, flytur eða lokar sig af er einnig um að ræða efnahagslegar afleiðingar sem geta haft áhrif á stétt og stöðu viðkomandi til frambúðar. Að lokum var það nokkuð algengt viðkvæði meðal viðmælenda að upplifa sig ekki tilheyra samfélaginu eða finna fyrir jaðarsetningu í kjölfar hatursglæps, fordóma og mismununar. Upplifunin að tilheyra ekki gildi bæði um þau sem höfðu búið hérlendis lengi (jafnvel fædd á Íslandi) og þau sem höfðu búið hér í skamman tíma þegar hatursglæpirnar áttu sér stað. Einnig voru dæmi um að veist væri að börnum með útilokandi skilaboð. Þetta rímar við umfjöllun Perry (2001; 2003; 2009) sem undirstrikar að hatursglæpir snúist um vald og sé ætlað að skerpa skilin á milli hópa. Þess vegna er sérstakt áhyggjuefni ef fjöldi hatursglæpa er sannarlega að aukast eða ef bakslag í réttindabaráttu á sér stað. Í því ljósi má velja því fyrir sér hvort einstaklingar í viðkvæmri stöðu, til dæmis með marg-

faldan minnihlutabakgrunn, upplifi meiri skaða af hatursglæpum og séu verr undirbúnir að takast á við hann.

Sem fyrr segir er ekki hægt að yfirfæra upplifanir viðmælenda í þessari rannsókn yfir á stærra þýði þar sem eiginlegar rannsóknaraðferðir miða að því að draga fram persónulega reynslu fólks fremur en að draga almennar ályktanir. Fyrir vikið er einnig mikilvægt að rannsaka umfang og orsakir hatursglæpa hérlendis með aðferðum á borð við spurningalistakannanir. Grein þessi varpar hins vegar ítarlegu ljósi á þann skaða sem þolendur hatursglæpa upplifa hérlendis. Ljóst er af niðurstöðunum að skaðinn er margþættur og mjög alvarlegur í sumum tilvikum sem veikir getu viðkomandi til að bregðast við frekara ofbeldi. Reynsla af hatursglæpum getur jafnframt dregið úr vilja fólks til að leita sér aðstoðar. Niðurstöður greinarinnar undirstrika að hatursglæpir eiga sér stað hérlendis líkt og annars staðar og þeir valda þolendum og samfélaginu dýrkeyptum skaða.

Heimildaskrá

- Abu-Ras, W. og Abu-Bader, S. (2008). The impact of 9/11 on the Arab American well-being. *Journal of Muslim Mental Health*, 3, 219-24. DOI: 10.1080/15564900802487634
- Almenn hegningarlög nr. 19/1940.
- Anderson, M. og Mellgren, C. (2016). Consequences of bias-motivated victimization among Swedish university students with an immigrant or minority background. *Irish Journal of Sociology*, 24, 223-250. Doi.org/10.7227/IJS.0014
- Anna María Björnsdóttir, Ingvar Þór Björnsson og Snærós Sindradóttir. (2022). Bakslagið í baráttu hinsegin fólks er komið. *RÚV*, 29. Júní. Sótt þann 1. ágúst 2023 af slóðinni: <https://www.ruv.is>
- Atak, K. (2019). Inappropriate but not crime? Policing racial hatred in Sweden. *Nordic Journal of Criminology*, 21(1), 32-48. DOI: 10.1080/2578983X.2019.1680169
- Barnes, A. og Ephross, P. (1994). The impact of hate violence on victims: Emotional and behavioral responses to attacks. *Social Work*, 39, 247-251. Doi.org/10.1093/sw/39.3.247
- Bell, J. og Perry, B. (2015). Outside looking in: The community impacts of anti-lesbian, gay, and bisexual hate crime. *Journal of Homosexuality*, 62(1), 98-120. DOI: 10.1080/00918369.2014.957133
- Benier, K. (2017). The harms of hate: Comparing the neighboring practices and interactions of hate crime victims and non-victims. *International Review of Victimology*, 23(2), 179-201. Doi.org/10.1177/0269758017693087
- Bogdan, R. Og Biklen, S. (2003). *Qualitative Research For Education. An Introduction to Theories and Methods*. 4 Útgáfa. Boston: Pearson.
- Bilewicz, M. og Soral, W. (2020). Hate speech epidemic. The Dynamic Effect of Derogatory Language on Intergroup Relations and Political Radicalization. *Political Psychology*, 41(1), 3-33. Doi.org/10.1111/pops.12670
- Bjarni Randver Sigurvinsson. (2017). Múslimahatur á Íslandi. Áhrif og afdrif samtakanna Mótmælum mosku á Íslandi, í Brynjólfur Ólafson, Haraldur Hreinsson og Stefán Einar Stefánsson (ritstj.), *Sigurjónsbók. Afmælisrit til heiðurs Sigurjóni Árna Eyjólfssyni sextugum* (bls. 55 – 85). Hið íslenska bókamenntafélag: Reykjavík.
- Bjarney Friðriksdóttir. (2014). *Greining: Hatursorðræða í ummælakerfum íslenskra fréttamiðla*. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar: Reykjavík.
- Chakraborti, N. (2015). Rethinking hate crime: Fresh challenges for policy and practice. *Journal of Interpersonal Violence*, 30(10), 1738-1754. Doi.org/10.1177/0886260514548581
- Chakraborti, N. and Garland J. (2012). Reconceptualizing hate crime victimization through the lens of vulnerability and ‘difference.’ *Theoretical Criminology*, 16(4), 499-514. Doi.org/10.1177/1362480612439432
- Crenshaw, K. (1989). Demarginalizing the Intersection of Race and Sex: A Black Feminist Critique of Antidiscrimination Doctrine. *Feminist Theory and Antiracist Politics, The University of Chicago Legal Forum*, 1, 139-167.
- ECRI. (2007). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- ECRI. (2012). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- ECRI. (2017). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- ECRI. (2023). *ECRI report on Iceland*. Strassborg: Evrópuráðið.
- Ehrlick, H. (1992). The ecology of antigay violence. Í Herek og Berill (ritstj.) *Hate Crimes: Confronting violence against lesbians and gay men*. (Bls. 105-122). Newbury Park: Sage.
- Eiríkur Bergmann. (2015). Populism in Iceland: Has the Progressive Party turned populist? *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 11(1), 33-45.
- Eiríkur Bergmann. (2017). Við og hinir: Þjóðernispopúlismi á Norðurlöndunum, *Skírnir* 191(vor), 138-165.
- Eyrún Eyþórsdóttir og Kristín Loftsdóttir. (2019). „Grýta þetta pakk“: Haturstjáning í íslensku samhengi. *Stjórnmal og stjórnsýsla* 15(2), 255 – 276.
- Garofalo, J. (1997). Hate crime victimization in the United States. Í Davis, Lurigo og Skogan (ritstj.) *Victims of crime*, (bls. 134-145), Thousand Oaks: Sage.
- Hammersley, M. og Atkinson, P. (2007). *Ethnography. Principles in practice*. 3. Útgáfa. London: Routledge.
- Hardy, S., og Chakraborti, N. (2020). *Blood, Threats, and Fears. The hidden worlds of hate crimes victims*. Cham: Palgrave.

- Hagstofan. (e.d.). Landsmönnum fjölgaði um 2.760 á þriðja ársfjórðungi.. Sótt þann 1. 27. okt.óktóber 2023 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn>.
- Háskóli Íslands. (2020, 5. nóvember). Siðareglur háskólanna um vísindarannsóknir. https://www.hi.is/sites/default/files/ame18/reglur_sidanefnd_hv_5_nov_2020.pdf
- Herek, G. Cogan, J. og Gillis, J. (2002). Victim Experiences in Hate Crime Based on Sexual Orientation. *Journal of Social Issues*, 58(2), 319-339. Doi.org/10.1111/1540-4560.00263
- Herek, G., Gillis, J. og Cogan, J. (1999). Psychological sequelae of hate-crime victimization among Lesbians, gay and bisexual adults. *Journal of Consulting and Clinical Psychology*, 67(6), 945-951. Doi.org/10.1037/0022-006X.67.6.945
- Herek, G. (1992). The social context of hate crimes: Notes on cultural heterosexism. Í Gregory M. Herek og Kevin T. Berill (ritstj.), *Hate crimes: Confronting violence against lesbian and gay men*. (bls. 89 – 104). New York: Sage.
- Iganski P. (2008). *Hate crime and the city*. Bristol: Policy Press.
- Iganski P. (2001). Hatecrimes hurt more. *American Behavioral Scientist*, 45, 626-638. Doi.org/10.1177/0002764201045004006
- Iganski P. og Lagou S. (2015). Hate crimes hurt some more than others: Implications for the just sentencing of offenders. *Journal of Interpersonal Violence*, 30, 1696-1718. Doi.org/10.1177/0886260514548
- Janssen, H., Oberwittler, D., og Kober, G. (2021). Victimization and Its Consequences for Well-Being: A Between- and Within-Personal Analysis. *Journal of Quantitative Criminology*, 37, 101-140. Doi.org/10.1007/s10940-019-09445-6
- Kristján Þór Kristjánsson. (2014). Moskumálið 2013. Ótti og andúð gegn byggingu mosku. Í Helga Ólafs og Thamar Heijstra (ritstj.) *Þjóðarspegilinn: Ráðstefna í félagsvísindum XV* (bls. 1-10). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Kristín Loftsdóttir. (2015). Útlendingar, negrastrákar og hryðjuverkamenn: Kynþáttafordómar í íslenskum samtíma. *Ritið*, 15(1), 157-178.
- Kristín Loftsdóttir. (2017). Being the damned foreigner. *Nordic Journal of Research*, 7(2), 70-78.
- Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir. (2019). Íslenskur vinnumarkaður – Erlent starfsfólk, *Íslenska Þjóðfélagið* 10(2), 3 – 13.
- Levin J. og McDevitt J. (2002). *Hate Crimes Revisited: America's War on Those Who Are Different*. New York: Basic Books.
- Mason-Bish, H. (2015). Beyond the silo: Rethinking hate crime and intersectionality. Í Hall, Corb, Giannasi og Grieve (ritstj.) *The Routledge International Handbook on Hate Crime*. London og New York: Routledge.
- Maussen, M. og Grillo, R. (2014). Regulation of speech in multicultural societies: Introduction. *Journal of Ethnic and Migration Studies*, 40(2), 174-193. DOI: 10.1080/1369183X.2013.851470
- McDevitt, J. Balboni, J. Garcia, L og Gu, J. (2002). Consequences for Victims. A Comparison of Bias- and Non-Biases Motivated Assaults. *American Behavioral Scientist*, 45(4), 697-713. Doi.org/10.1177/0002764201045004010
- Osce. (2022). *Hate Crime Laws: A Practical Guide. Revised Edition*. Warsaw: OSCE/ODIHR
- Paterson, J., Brown, L. og Walters, M. (2019). Feeling for and as a group member: Understanding LGBT victimization via group-based empathy and intergroup emotions. *British Journal of Social Psychology*, 58(1), 211-224. Doi.org/10.1111/bjso.12269
- Perry, B. (2014). Exploring the community impacts of hate crime. Í Hall, Corb, Giannasi og Grive (ritstj.) *The Routledge international handbook on hate crime* (bls. 47-58). New York: Routledge.
- Perry, B. (2003). Accounting for Hate Crime: Doing difference. Í Barbara Perry (ritstj.) *Hate and Bias Crime: A Reader*. New York: Routledge.
- Perry B. (2001). *In the name of hate: Understanding hate crimes*. New York: Routledge.
- Perry, B. og Alvi, S. (2012). We are all vulnerable: The in terrorem effects of hate crimes. *International Review of Victimology*, 18(1), 57 – 71. Doi.org/10.1177/0269758011422475
- Poynting, S. (2002). “Bin Laden in the Suburbs”: Attacks on Arab and Muslim Australians before and after 11 September. *Current Issue in Criminal Justice*, 14(1), 43-64. DOI: 10.1080/10345329.2002.12036246
- Vedeler, J., Olsen, T. og Eriksen, J. (2019). Hate speech harms: A social justice discussion of disabled Norwegians' experiences. *Disability and Society*, 34(3), 368-383. DOI: 10.1080/09687599.2018.1515723
- Walters, M., Paterson, J., McDonnell, L., og Brown, R. (2019). Group identity, empathy, and shared suffering: Understanding the community impacts of anti-LGBT and Islamophobic hate crimes. *International Review of Victimology*, 26(2), 143-162. Doi.org/10.1177/0269758019833284
- Wojtynska, A. og Zieliska, M. (2010). Polish migrants in Iceland facing the financial crisis. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstj.) *Þjóðarspegilinn: Ráðstefna í félagsvísindum* (1 – 11). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Williams, D., Neighbors, H. og Jackson, J. (2003). Racial/Ethnic Discrimination and Health: Findings from community studies. *Am J Public Health*, 93(2), 200-208.

Um höfund

EYRÚN EYÞÓRSDÓTTIR (eyruney@unak.is) er lektor í lögreglufræðum við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Hún lauk doktorsprófi í mannfræði við Háskóla Íslands árið 2022.